



BOLUNGARVÍK

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 2482

Ár 2026, þriðjudaginn 3. febrúar kl. 16:15, kom bæjarráð Bolungarvíkur saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður, Ástrós Þóra Valsdóttir og Þorbergur Haraldsson og Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti bæjarráðs

Lagt fram til kynningar.

Verkefnislisti kynntur.

2. Til umsagnar: 322.mál – Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040

Lagt fram til afgreiðslu.

Lagt fram umsagnarbeiðni Nefnda- og greiningarsvið Alþingis vegna Samgönguáætlunar fyrir árin 2026-2040.

Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu til Samgönguáætlunar og framlaga til Hafnarbótasjóðs. Mikilvægt er að framlög til framkvæmda í höfnum landsins verði aukin og þau standi undir framtíðarhlutverki og þeirri verðmætasköpun sem þar á sér stað..

Jafnframt vísar bæjarráð til umsagnar Innviðanefndar Fjórðungssamband Vestfjarða og þeim athugasemdum sem þar koma fram um Samgönguáætlun.

3. Frumvarp um stofnun innviðafélags

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar drög að frumvarpi stofnun sérstaks innviðafélag sem heldur

utan um fjármögnun og uppbyggingu tiltekinna samgöngumannvirkja.

Bæjarráð lýsir yfir áhyggjum af þeim möguleika að frumvarpið heimili „að færa yfir til félagsins eignarhald á þegar byggðum samgöngumannvirkjum sem tilheyra ríkinu“ og jafnframt að innheimta veggjöld af þeim mannvirkjum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda umsögn um frumvarpið í samræmi við áhyggjur bæjarráðs og umræður á fundinum.

4. Styrktarsjóður EBÍ

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

5. Tómsfundafulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarstjóri kynnti minnisblað um ráðningu tómsfundafulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar ásamt viðauka nr.2.

Kostnaður við starfið rúmast innan fjárhagsáætlunar þessa árs, en kostnaður færast á milli liða. Áhrif viðauka á rekstur er enginn.

Bæjarráð samþykkir tillögu um ráðningu tómsfundafulltrúa og vísar meðfylgjandi viðauka til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Bæjarráð felur jafnframt bæjarstjóra að auglýsa starfið í samræmi við starfslýsingu sem fram kemur í minnisblaðinu í kjölfar afgreiðslu viðauka í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir
Þorbergur Haraldsson

Ástrós Þóra Valsdóttir
Jón Páll Hreinsson